

Ed.

322. Frumvarp til laga

[181. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi.

Flm.: Oddur Ólafsson, Jón Árm. Héðinsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Grindavíkurhreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Grindavíkurhrepp og heitir Grindavíkurkaupstaður. Umdæmi þetta er í Reykjaneskjördæmi.

2. gr.

Um valdsvið bæjarfógeta í Grindavíkurkaupstað og launakjör fer samkvæmt lögum þar um.

3. gr.

Dónismálaráðuneytið ákveður, hvernig málum þeim, er varða Grindavíkurhrepp og ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Gullbringusýslu og bæjarfógetans í Grindavíkurkaupstað.

4. gr.

Sýslunefnd Gullbringusýslu og bæjarstjórn Grindavíkurkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eign eða vörslu Gullbringusýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

5. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum samkvæmt þeim lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1974, skal núverandi hreppsnefnd Grindavíkurhrepps fara með stjórn kaupstaðarins.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni sveitarstjórnar Grindavíkurhrepps, er á fundi sínum 17. des. gerði eftirfarandi samþykkt:

„Hreppsnefndin samþykkir samhljóða að óska eftir því við alþingismenn Reykjaneskjördæmis, að þeir flytji nú þegar á Alþingi frumvarp til laga um kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi.“

Grindavík er ört vaxandi sveitarfélag. Hinn 1. des. í ár var íbúafjöldi þar um 1600 og hafði tvöfaldast á fáum árum. Vegna atvinnuáðstöðu er mikil eftirspurn eftir búsetu í hreppsfélaginu, og má því ætla, að íbúum haldi áfram að fjölga verulega á næstu árum.

Eins og kunnugt er, þá er Grindavík orðin ein stærsta verstöð landsins. Þaðan eru gerðir út 54 heimabátar, auk þess landar þar að jafnaði fjöldi aðkomubáta, og á vetrarvertíð eru alloft yfir 100 bátar í höfninni, og hafa þeir komist upp í 140.

Með þeirri stækkun og þeim umbótum, sem nú er verið að gera á Grindavíkurböfn, má búast við verulega auknum umsvifum þar á næstu árum.

Auk hagstæðrar legu við hin öruggu fiskimið báðum megin Reykjanes má ætla, að hagnýting jarðhitans á Reykjanesi til iðnaðar og hitaveita frá Svartsengi leggi grundvöll að vaxandi búsetu í Grindavík.

Eðlilegt virðist því að skapa Grindavík þá réttarstöðu, sem kaupstaðir hafa, og að fá inn í sveitarfélagið alla þá þjónustu, er bæjarfógetar veita.